Fjölbrautaskóli Suðurnesja

# Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

## VÉLF1VA05(AV) - Vélfræði 1

| | | |
|---|---|---|
| **Kennari** | **Ívar Valbergsson** ivar.valbergsson@fss.is |  |
| **Viðtalstími** | Föstudaga 10:30 -11:10 í Vaktklefa í stofu 124 eða síma 894 4496. | |
| **Námsefni** | Vélfræði 1. eftir Guðmund Einarsson . Fæst í **Eymundsson** í Reykjanesbæ og **IÐNÚ** í Reykjavík. Aukanámsefni kemur frá kennara. Vasareiknir er nauðsynilegur í áfanganum, ekki er leyfilegt að nota síma sem vasareiknir. | |
| **Áfangalýsing** | Nemendur öðlast fræðilega og hagnýta grunnþekkingu í vélfræði. Fjallað er um mismunandi form orku, afls og orkunýtingu. Lögmál varmafræðinnar um óforgengileika orkunnar eru kynnt ásamt SI-mælieiningakerfinu. Fjallað er um eldsneytisnotkun bulluvéla og orkuforða og um nýtni bulluvéla, pV-línurit og pt-línurit og samhengi þrýstings og hitastigs. Meðalþrýstingur (pmi) fundinn í pV-línuriti með lóðlínuaðferð, framleitt afl dísilvéla reiknað. Nemendur kynnast aflmælingum véla og reikna nýtni þeirra. | |
| **Námsmat og vægi námsmatsþátta** | Til að ná áfanga þarf að klára tíma / heimadæmi og vera með færri en 10 fjarvistir í raunmætingu. Athugið að ekki skiptir máli hver er ástæða fjarvistar (veikindi, þar með talin vottorð, leyfi eða annað). Lokapróf er í áfanganum og þarf að ná lokaeinkunninni 7,0 til að standast áfangann. | |
| | **Símatsáfangi** ☐ **Lokapróf** ☒ **Sleppikerfi** ☐ | |

| **Heiti** | **Vægi** |
|---|---|
| Tímadæmi og lokapróf | 70% |
| Virkni í tímum og skyndipróf | 30% |

| | |
|---|---|
| **Reglur áfanga** | Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum. |

| | |
|---|---|
| **Grunnþættir menntunar** | **Læsi :** Nemendur nota stærðfræðilegt læsi og eðlisfræðilögmál til að skilja formúlur, reikna dæmi og lesa úr línuritum og tæknilegum gögnum.<br>**Sjálfbærni:** Reiknuð er orkunýting, skilvirkni (nýtni) véla og eldsneytisnotkun til að lágmarka sóun og umhverfisáhrif.<br>**Heilbrigði og velferð:** Að nota rétta útreikninga á afli, þrýstingi og álagi til að tryggja öryggi búnaðar og koma í veg fyrir slys.<br>**Lýðræði og mannréttindi:** Unnið saman í hópum að lausnum á krefjandi viðfangsefnum, þar sem tillit er tekið til sjónarmiða allra. |

| **Þekking** | **Leikni** |
| --- | --- |
| Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br>• þáttum sem hafa áhrif á aflframleiðslu véla.<br>• orkunýtingu og eldsneytisnotkun bulluvéla og samhengi aflframleiðslu og byggingar þeirra.<br>• aðferðum við mælingar á meðalþrýstingi.<br>• áhrifum mismunandi álags á form pV-línurits.<br>• lögmáli varmafræðinnar um varðveislu orkunnar.<br>• þjöppunarhlutfalli og rúmmálsmælingum á vélum.<br>• samhengi aflframleiðslu og álags og hvernig breytilegt álag hefur áhrif á virkni vélar.<br>• ásafli og aflmælingu véla með mismunandi hemlum.<br>• hugtökum vélfræðinnar svo sem vinnu, afli og orku.<br>• þróun véla og SI-mælikerfinu. | Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<br>• reikna út eldsneytisnotkun og aflframleiðslu meðalhraðgengra dísilvéla.<br>• útskýra algengar tegundir ritmynda og mæla þær með flatarmæli.<br>• útskýra samhengi þrýstings og hitastigs og geta reiknað út þjöppunarhlutfall.<br>• útskýra helstu einkenni eldsneytisolíu og gera grein fyrir vinnslu og eiginleikum eldsneytis brunavéla.<br>• meta ástand véla út frá ritmyndum meðalþrýstingi. |

**Hæfni**

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- útleiða formúlur sem notaðar eru í námsefninu.
- skilja áhrif breyta í vélareikningi og geta beitt þeim við lausn verkefna í ýmsum verklegum áföngum, t.d. við bilanagreiningu og í daglegum störfum vélstjóra.
- leggja mat á ástand dísilvélar, innsprautun eldsneytis og bruna í dísilvélum.
- nota handbækur og fræðibækur í vélfræði við úrlausn tæknilegra vandamála varðandi dísilvélar.

| **Vinnuáætlun** | | |
| --- | --- | --- |
| **Tímasókn** | 16 vikur x 4 klst. | 64 klst. |
| **Heimavinna** | 16 vikur x 2 klst. | 32 klst. |
| **Undirbúningur f. skyndipróf** | 3 x 2 klst. | 6 klst. |
| **Undirbúningur f. lokapróf** | 12 klst. | 12 klst. |
| **Lokapróf** | 2 klst. | 2 klst. |
| **Alls** | | **116 klst. = 5 ein** |

| Kennsluvikur | Áætluð yfirferð námsefnis | Skil á verkefnum |
|---|---|---|
| **1. vika**<br>19.-21. ágúst | Kynning á áfanganum | |
| **2. vika**<br>24.-28. ágúst | Vinna með formúlur og einingar | Skil á tímadæmum 1-20 |
| **3. vika**<br>31. ágúst-4. september | Flatarmál, rúmmál og massi. | Skyndipróf ? |
| **4. vika**<br>7.-11. september | Vinna, afl, orka, hröðun og snúningshraði. | |
| **5. vika**<br>14.-18. september | Vinna, afl, orka, hröðun og snúningshraði. | |
| **6. vika**<br>21.-25. september | Ásafl | Skyndipróf ? |
| **7. vika**<br>28. september-2. október | Ásafl | |
| **8. vika**<br>5.-9. október | Vatnsaflið | |
| **9. vika**<br>12.-16. október<br>*Námsmatsdagur 12. okt.*<br>*Miðannarmat 13. okt.* | Notkunn eldsneitis og orka | |
| **10. vika**<br>19.-23. október<br>*Vetrarleyfi 23. október* | Eldsneytiseyðsla, nýtni og eðlisþyngd | Skyndipróf ? |
| **11. vika**<br>26.-30. Október<br>*Vetrarleyfi 26. október* | Nýtni véla | |
| **12. vika**<br>2.-6. nóvember | Varmanýtni | |
| **13. vika**<br>9.-13. nóvember | Heildarnýtni | |
| **14. vika**<br>16.-20. nóvember | Ritmyndir og meðalþrýstingur | Skyndipróf ? |
| **15. vika**<br>23.-27. nóvember<br>*Dimissio 27. nóvember* | Olíur og Uppsóp | |
| **16. vika**<br>30. nóvember-4. desember | Uppsóp | |

*Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf*

**Ívar Valbergsson**